



FUNDARGERÐ
10. fundur Húsakynna bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 24. júní 2024
og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Þórunn Dís Þórunnardóttir, Þröstur Sigurðsson, Helga Björg Helgadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Þórunn Dís Þórunnardóttir sat fundinn á fjarfundi.

Dagskrá:

1. Húsrýmisáætlun-Frumdrög - 2310065

Lögð fram kostnaðaráætlun breytinga á Skólastjórahúsi fyrir skrifstofu Ásahrepps og nýrri leikskóladeild í húsnæði því sem skrifstofa Ásahrepps er í dag.

Lögð fram kostnaðaráætlun og minnisblað vegna áætlaðra framkvæmda við húsnæði á Laugalandi. Gert er ráð fyrir að hluti framkvæmda við skólahúsnæði og leikskóla verði unnið fyrir viðhaldsfé. Tillagan gerir ráð fyrir að Ásahreppur flytji skrifstofu sína á 1.hæð skólastjórahúss og ný leikskóladeild verði innréttuð í skrifstofuhúsnæði Ásahrepps.

Stjórnin leggur til að séreignir sveitarfélaganna í vesturhluta Laugalandsskóla verði lagðar inn í fasteignasafn Húsakynna til að einfalda rekstur og umsýslu.

Stjórn óskar eftir að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2024 uppá 8 milljónir til að framkvæma í viðbót við það viðhaldsfé sem þegar er til. Hluti Rangárþings ytra er 5.360.000 kr og Ásahrepps er 2.640.000 kr.

Samþykkt.

2. Niðurfelling gamalla innheimtukrafna Húsakynna. - 2406040

Lagt til að fella niður gamlar innheimtukröfur samkvæmt meðfylgjandi lista á fundargátt.

Klara Viðarsdóttir kemur inná fund vegna dagskrárliðar 2.

Lagður fram listi yfir kröfur að upphæð kr. 2.494.154 frá 2018 og eldri sem lokið hafa innheimtufærli án árangurs og eru fyrndar og lagt til að þær verði afskrifaðar úr bókhaldi Húsakynna.

Kröfurnar eru nú þegar á niðurfærslu og afskriftin hefur því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins 2024.

Samþykkt.

THT
HBT
KW
BJ

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15.

Pórunn Dís Þórunnardóttir

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Tómas #Tómas

Tómas #Tómas

Þróstur Sigurðsson

Þróstur Sigurðsson

Jón S. Stefánsson